
Sjálfsmatsskýrsla 2010 - 2011



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR



Efnisyfirlit

1 - Inngangur	3
2 - Lýsing á starfsemi skólans.....	4
2.1 Markmið/hlutverk.....	4
2.2 Sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar	4
2.3 Umfang skólans skólaárið 2010 - 2011	5
2.3.1 Nemendur	5
2.3.2 Starfsfólk.....	5
2.3.3 Húsnæði.....	5
2.3.4 Kennslustundir og áfangar	6
3 - Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar	6
3.1 Greining á tölulegum gögnum.....	6
3.1.1 Kennarar.....	6
3.1.2 Nemendur	7
3.1.3 Dreifing einkunna 2010 - 2011	8
3.2 Kannanir	10
3.2.1 Kennslumat	10
3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftarnema - vor 2011.....	12
3.2.3 Gæðagreinar - (How good is our school?).....	21
3.2.4 Leiðsagnarmat	24
3.3 Skýrslur.....	24
3.3.1 Námsráðgjöf.....	24
3.3.2 Fagstjórn.....	25
4 - Samantekt og næstu skref	25
5 - Lokaorð.....	25
Fylgiskjöl.....	26

1 - Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr. :

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Í MB hefur aðstoðarskólameistari séð um sjálfsmatið frá stofnun skólans eða árinu 2007. Haustið 2010 varð sú breyting að stofnaður var sjálfsmatshópur undir stjórn aðstoðarskólameistara, auk hans eru í hópnum Agnes Hansen fagstjóri tungumála og Stefanía Nindel fjármálastjóri.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2010 - 2011. Haustið 2010 hófst jafnframt vinna við að taka upp heilstæða stefnu í sjálfsmati skólans með tilkomu Gæðagreina (How good is our school).

2 - Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Markmið/hlutverk

- Menntaskóli Borgarfjarðar skal vera framsækinn skóli á sviði uppeldis- og kennslufræði. Markmið skólans er að tryggja ungu fólki öfluga menntun þar sem reynt er að koma til móts við þarfir einstaklinga með því að hagnýta bestu kennsluaðferðirnar sem tiltækar eru hverju sinni. Lögð er áhersla á að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu þar sem við á.
- Í Menntaskóla Borgarfjarðar er megin áherslan lögð á sjálfstæði og vellíðan nemenda. Stjórnendur og kennarar leggja metnað í að fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldismála og notkun upplýsingatækni í kennslu.
- Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki og nemendum gott starfsumhverfi, þar sem heilbrigði og háttvísi skipar stóran sess.
- Sjálfstæði, öguð vinnubrögð og festa er lykillinn að farsælu skólastarfi. Hlutverk skólans er að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðis-samfélagi, auka þekkingu þeirra og sjálfstraust og skapa nemendum góð uppeldisskilyrði. Lögð er áhersla á verkefnaþátttöku nám og vegur því þátttöku og ábyrgð nemenda þungt í skólastarfinu.
- Í Menntaskóla Borgarfjarðar eru einstaklingar með ólíkar þarfir, því er reynt að koma til móts við þær með fjölbreytni í verkefnavinnu og kennsluháttum. Leiðarljós MB er **sjálfstæði - færni - framfarir**.

2.2 Sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar

Rík áhersla er lögð á að MB fari óhefðbundnar leiðir í námi og kennslu. Það er mun hægara um vik að skapa nýjar hefðir í nýjum skóla í stað þess að breyta starfsháttum og hefðum í rótgrónum skóla. Þetta tækifæri nýttu stjórnendur MB sér til fullnustu þegar skólinn hóf göngu sína árið 2007. Í stuttu máli má segja að sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar sé eftirfarandi:

- að jafnaði ljúka nemendur stúdentsprófi á þremur árum
- skólaárið er 184 starfsdagar nemenda í stað 175 í hefðbundnum skólum
- formleg annarpróf í desember og maí eru ekki til staðar
- notkun leiðsagnarmats er viðhaft í öllum áföngum
- nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (vörður)

- þrískipting kennslustunda í fagtíma, vinnutíma og leiðsagnartíma
- allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum
- skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu

2.3 Umfang skólans skólaárið 2010 - 2011

2.3.1 Nemendur

Nemendur sem innrituðust í skólann haustið 2010 voru 158 og á vorönn 2011 skráðu sig jafnmargir nemendur í skólann. Frá árinu 2009 hefur nemendafjöldi skólans verið svipaður frá ári til árs (sjá töflu 1).

Tafla 1 - nemendafjöldi 2007 - 2011

Önn	Fjöldi
Haust 2007	67
Vor 2008	66
Haust 2008	134
Vor 2009	136
Haust 2009	163
Vor 2010	155
Haust 2010	158
Vor 2011	158

Vorið 2009 voru fyrstu stúdentar brautskráðir frá Menntaskóla Borgarfjarðar eða þrír talsins. Á vorönn 2011 voru brautskráðir 26 nemendur frá MB.

2.3.2 Starfsfólk

Á haustönn 2010 starfa við skólann 18 kennarar, tveir stjórnendur, einn fjármálastjóri, þrír fagstjórar (sem jafnframt eru kennarar), einn umsjónarmaður starfsbrautar (kennari líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður (kennari líka), stuðningsfulltrúi og matráður. Heildarfjöldi starfsmanna er 25.

2.3.3 Húsnæði

Menntaskóli Borgarfjarðar hóf starfsemi sína í Safnahúsi Borgarbyggðar og starfaði þar frá hausti 2007 til janúarloka 2008 en þá var starfsemin flutt í hálfbyggt mennta- og menningarhús. Þann 1. febrúar 2008 var hluti hússins tekinn í notkun við hátíðlega athöfn, en haustið 2008 var húsið fullbyggt.

2.3.4 Kennslustundir og áfangar

Taflan hér að neðan sýnir fjölda áfanga, hópa og kennslustunda skólaárið 2010 – 2011.

Tafla 2 - fjöldi kenndra áfanga, hópa og kennslustunda 2010 - 2011


	Haust 2010			Vor 2011		
	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Íslenska	3	5	28	3	4	20
Stærðfræði	4	5	28	5	5	27
Erlend tungumál	6	9	50	7	10	62
Samfélagsgreinar og listir	7	9	45	8	9	41
Náttúrufræðigreinar	5	6	30	6	6	36
Viðskiptagreinar og upplýsingatækni	3	4	20	3	3	14
Heilsurækt	6	9	9	6	8	8
Samtals	34	47	210	38	45	218

3 - Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi eða eru í réttindanámi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunnar.



Mynd 1. Menntun kennara 2010 – 2011.


Á mynd 1 má sjá að menntun kennara hefur örlítið breyst á milli ára. Menntunarstigið hefur hækkað og nú eru fleiri kennarar með meiri menntun en áður.

Þess má geta að þrír kennarar skólans eru í meistarnámi með kennslunni. Kennarar hafa einnig verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög og hafa bæði verið skipuleggjendur og kennarar á slíkum námskeiðum.

Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þessi fjögur ár sem hann hefur starfað.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 98% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir önnum.




Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.

Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er breytilegur á milli ára, en flestir nemendur eru á félagsfræðibraut skólans.

Kynjaskipting nemenda í Menntaskóla Borgarfjarðar er svipuð hjá drengjum (47%) og stúlkum (53%).


3.1.3 Dreifing einkunna 2010 - 2011

Gögn úr Innu voru notuð til að skoða meðaleinkunn skólans úr áföngum og einkunnadreifingu eftir námsgreinum. Hér eru einungis settar fram upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á námsbrautum til stúdentsprófs skólaárið 2010-2011 að undanskildum áföngum í íþróttum og dansi og mentor áfanga þar sem gefið er fyrir staðið eða fallið. Meðaleinkunn úr þeim 52 áföngum sem kenndir voru til stúdentspróf þetta skólaár var 6,8. Hér að neðan eru settar fram þrjár myndir þar sem búið er að flokka saman áfanga eftir námsgreinum. Hafa þarf í huga að ýmsar skýringar geta legið til grundvallar mismunandi meðaleinkunn bæði áfanga og námsgreina. Meðaleinkunn úr áföngum í tungumálum var 6,8, úr áföngum í raungreinum 7,1 og úr áföngum í félagsvísindum 6,6.




Mynd 3 . Meðaleinkunn áfanga í raungreinum

Á mynd 3 má sjá að meðaleinkunn áfanga í raungreinum getur verið nokkuð mismunandi. Ennfremur kemur fram nokkur munur á meðaleinkunn milli námsgreina.



Mynd 4. Meðaleinkunn áfanga í félagsgreinum

Á mynd 4 má sjá að nokkur munur er á meðaleinkunn úr einstaka áföngum og einnig eftir námsgreinum.



Mynd 5. Meðaleinkunn áfanga í tungumálum

Á mynd 5 má sjá að nokkur munur er á meðaleinkunn úr einstaka áföngum og einnig eftir námsgreinum líkt og í raungreinum og félagsgreinum. Munur á hæstu og lægstu meðaleinkunn er minnstur í tungumálum borið saman við hæsta og lægsta gildi í raungreinum og félagsgreinum.

3.2 Kannanir

3.2.1 Kennslumat

Framkvæmd

Frá því að Menntaskóli Borgarfjarðar hóf starfsemi haustið 2007 hefur verið framkvæmt viðamikið kennslumat. Strax í upphafi var ákveðið að sama kennslumatskönnunin skildi vera lögð fyrir í þrjú ár til þess að fá marktækan samanburð á milli anna. Vorið 2010 lauk þessu þriggja ára tímabili og ætlunin er að breyta könnuninni næst þegar hún verður lögð fyrir.

Kennslukönnunin, sem tók til allra áfanga skólans, var lögð fyrir nemendum. Könnunin fór fram rafrænt í lok haust- og voranna á Námskjánum sem er veflægt kennsluumhverfi skólans. Nemendur svöruðu könnuninni ýmist í skólanum eða heima hjá sér. Nemendur svöruðu 15 spurningum fyrir hvern áfanga með valmöguleikunum: Mjög ósammála, frekar ósammála, í lagi, frekar sammála og mjög sammála. Lilja S. Ólafsdóttir, aðstoðarskólameistari, sá um framkvæmd og úrvinnslu.

Niðurstöður

Fleiri nemendur tóku þátt í kennslumatinu á haustönn en vorönn. Ef svör þeirra sem tóku afstöðu eru tekin saman þar sem nemendur voru frekar sammála eða mjög sammála og þeirra sem voru frekar ósammála eða mjög ósammála og borin saman þessar tvær annir kemur eftirfarandi í ljós.

Spurningar	H10	V11	H10	V11
	Frekar eða mjög sammála		Frekar eða mjög ósammála	
Kennarinn er áhugasamur um kennsluna	82%	88%	3%	2%
Kennarinn nýtir sér Námskjáinn við kennsluna	61%	67%	16%	16%
Kennarinn ber virðingu fyrir nemendum	76%	80%	5%	5%
Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	74%	74%	7%	8%
Kennari ýtir undir áhuga minn á námsefninu	62%	65%	14%	10%
Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur nemendur vita ef hún breytist	68%	74%	8%	7%
Kennarinn fylgist vel með hvernig nemendum gengur í áfanganum	69%	75%	7%	6%
Kennarinn skilar verkefnum/ritgerðum með leiðbeiningum og/eða uppbyggjandi athugasemdum	61%	67%	14%	12%
Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir í kennslunni	61%	64%	12%	13%
Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluna - nemandi	69%	75%	10%	9%
Ég er ánægð(ur) með námsefni áfangans (kennslubækur, ítarefni) - nemandi	61%	66%	11%	11%
Ég er ánægð(ur) með námsmat áfangans - nemandi	70%	73%	7%	6%
Ég er virk(ur) í tímum - nemandi	73%	75%	4%	6%
Ég sinni heimanámi - nemandi	75%	75%	5%	5%
Ég læri mikilvæga hluti - nemandi	71%	76%	7%	9%


Á þesum niðurstöðum má vera ljóst að það eru margir þættir í skólastarfinu sem eru í ágætum farvegi en aðrir sem þarf að bæta. Þeir þættir sem helst þarf að gera úrbætur á eru notkun Námskjás við kennslu, fjölbreytni í kennsluáðferðum og endurgjöf námsmats.

3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftarnema – vor 2011

Framkvæmd


Á vorönn 2011 lagði skólameistari viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans. Nemendur voru beðnir að svara 18 spurningum sem vörðuðu m.a. nám í MB, framtíðaráform nemenda, samskipti og ýmsa þjónustu skólans. Könnunin var lögð fyrir alla útskriftarnema 26 að tölu og svör fengust frá 23 nemendum sem er 88,5% þátttaka.

Niðurstöður




Mynd 6. Ætlar þú í framhaldsnám að loknu námi í MB?

Niðurstöður voru þær að 48% nemenda ætla í nám strax næsta haust. Sama hlutfall nemenda ætlar í framhaldsnám eftir hlé frá námi og 4% nemenda ætlar ekki í framhaldsnám að loknu námi í MB.




Mynd 7. Ertu búin(n) að gera upp hug þinn um í hvaða nám þú ætlar að loknu námi í MB?

Niðurstöður voru þær að 30% nemenda eru búnir að gera upp hug sinn, 48% nemenda eru búnir að gera upp hug sinn að nokkru leyti og 22% hafa ekki gert upp hug sinn.




Mynd 8. Hvernig heldur þú að námið í MB muni nýtast þér í áframhaldandi námi?

Niðurstöður voru þær að 26% nemenda telja að námið í MB muni nýtast þeim mjög vel í áframhaldandi námi, 65% nemenda telja að námið muni nýtast þeim vel og 9% telja að námið muni nýtast þeim sæmilega.




Mynd 9. Hvernig finnst þér það fyrirkomulag að hægt sé að leigja tölvu af skólanum?

Niðurstöður voru þær að 78% nemenda fannst það mjög gott fyrirkomulag og 22% fannst það gott fyrirkomulag.




Mynd 10. Hvernig finnst þér tölvuþjónusta MB?

Niðurstöður voru þær að 52% nemenda telja tölvuþjónustu MB mjög góða, 31% telja hana góða og 17% telja hana sæmilega.




Mynd 11. Hvernig finnst þér heimasíða skólans?

Niðurstöður voru þær að 31% nemenda telja heimasíðuna mjög góða, 35% telja hana góða, 30% segja að heimasíðan sé í lagi og 4% telja heimasíðuna frekar lélega.




Mynd 12. Hvernig finnst þér matseðill mótuneytisins?

Niðurstöður voru þær að 48% nemenda nýttu sér ekki þjónustu mótuneytis. 9% nemenda fannst matseðill mótuneytis vera mjög góður, 13% fannst hann góður, 26% fannst hann sæmilegur og 4% fannst matseðillinn vera lélegur.




Mynd 13. Hvernig finnst þér þjónusta skrifstofu MB?

Niðurstöður voru þær að 65% nemenda fannst þjónusta skrifstofu MB vera mjög góð og 35% fannst þjónustan vera góð.




Mynd 14. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar persónulega aðstoð?

Niðurstöður voru þær að 52% nemenda fannst persónuleg námsráðgjöf mjög góð, 22% fannst hún vera góð og 26% nemenda höfðu ekki nýtt sér þjónustu námsráðgjafa.




Mynd 15. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar námslega aðstoð?

Niðurstöður voru þær að 52% nemenda fannst námsleg námsráðgjöf mjög góð, 22% fannst hún vera góð og 26% nemenda höfðu ekki nýtt sér námslega aðstoð námsráðgjafa.




Mynd 16. Hvernig finnst þér yfirstjórn skólans vera?

Niðurstöður voru þær að 22% nemenda taldi yfirstjórn skólans vera mjög góða, 65% taldi hana vera góða og 13% taldi yfirstjórnina vera sæmilega.




Mynd 17. Hvernig finnst þér samskipti við umsjónarkennara /umsjónartímar?

Niðurstöður voru þær að 26% nemenda fannst samskipti við umsjónarkennara vera mjög gagnleg, 48% nemenda fannst samskiptin vera gagnleg og 26% fannst samskiptin vera gagnslítill.




Mynd 18. Hvernig finnst þér samskiptin og andinn í skólanum?

Niðurstöður voru þær að 17% nemenda fannst samskiptin og andinn í skólanum vera mjög góður, 61% fannst samskiptin vera góð og 22% fannst samskiptin vera sæmileg.




Mynd 19. Hvernig eru samskipti þín við aðra nemendur?

Niðurstöður voru þær að 43% nemenda fannst samskipti þeirra við aðra nemendur vera mjög góð, 48% fannst samskiptin vera góð og 9% fannst samskiptin vera sæmileg.




Mynd 20. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?

Niðurstöður voru þær að 56% nemenda fannst samskiptin þeirra við kennara og annað starfsfólk vera mjög góð, 35% fannst samskiptin vera góð og 9% fannst samskiptin vera sæmileg.



Mynd 21. Hvernig finnst þér kennararnir sem hafa kennt þér hafa verið?
 Niðurstöður voru þær að 13% nemenda fannst allir kennarar sem þeim höfðu kennt vera góðir, 70% fannst flestir kennararnir vera góðir og 17% fannst fæstir kennararnir vera góðir.



Mynd 22. Hefurðu verið virk/-ur í skipulögðu félagslífi NMB á skólatíma þínum?
 Niðurstöður voru þær að 31% nemenda voru mjög virkir í félagslífi skólans, 26% voru frekar virkir, 30% lítið virkir og 13% ekkert virkir.

18. Nemendur voru spurðir: “Hvaða einkunn gæfir þú MB (á skalanum 1 -10)? “

Niðurstöður voru þær að meðaleinkunn fyrir skólann var 8,85.

3.2.3 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haust (2010) með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjú meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsfólks og foreldra, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Mikil vinna felst í því að fara yfir alla gæðagreinana og aðlaga þá að starfsemi skólans. Eftir greiningu þeirra þátta sem mældir eru hverju sinni er gerð umbótaáætlun. Sjálfsmatsáætlunin nær yfir þrjú ár og endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur skólastarfsins er metinn þriðja hvert ár. Nú þegar hefur einn undirþáttur (lykilþáttur 3) verið greindur og metinn.

Lykilþáttur 3: Þátttaka starfsfólks í starfi skólans.

Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Gæðagreinir 3.1

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Samheldni, góður starfsandi, sveigjanleiki, jákvætt viðhorf og tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks
- ✓ Góð samheldni og vinnuandi
- ✓ Vinnuskilyrði góð, góður stuðningur, símat, lítill skóli, góð tengsl og viðhorf

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Stærð skólans, hlutfall stundakennara hærra en áður, þ.a.l. minni þátttaka í samstarfi
- ✓ Lítil áhrif starfsfólks á skólastarfið, efling skólastarfsins og teymisvinna
- ✓ Takast á við nemendur með sérþarfir

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Bæta móttöku nýrra kennara með t.d. útgáfu kynningarbæklinga
- ✓ Virkja stjórn nemendafélags í að kynna skólann og upplýsa nýnema í upphafi skólaársins
- ✓ Áframhaldandi þróunarvinna við námsmat
- ✓ Standa vörð um sérstöðu skólans í upplýsingatækni
- ✓ Taka betur á móti nýjum kennurum til að þeir verði ekki utanveltu og verði virkari í starfi
- ✓ Allir nýir starfsmenn séu upplýstir um sérstöðu skólans
- ✓ Allir kennarar vinni að gerð lokamarkmiða námsbrauta
- ✓ Allir kennarar rýni í og vinni að gerð nýrra áfangalýsinga

3.2.4 Leiðsagnarmat

Námsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar er fyrst og fremst leiðsagnarmat og formleg lokapróf í lok ársins eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnt af allan námstímann. Endurgjöf fer fram á fimm vikna fresti á svokölluðum lokaprófum en lokaeinkunn áfanga er birt í lok hverrar annar. Á Vörðum er notast við stiga skala; **mjög gott - í lagi - ófullnægjandi**, ásamt skriflegum ábendingum og viðkomandi kennara. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendum meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast.

Þegar litið er til baka til ársins 2007 þegar skólinn hóf göngu sína má sjá að þróun námsmatsins hafi gengið ágætlega. Þó má alltaf finna einhverjar lækningar og markmið hafa ekki náðst, í öllum áföngum. Sumir kennarar hafa ekki náð sig í þessari tegund námsmats. Kennararnir eru óvissir með hugmyndafræði leiðsagnarmatsins og það vantar meiri tíma til samráðs, umræðna og efnis stjórnnenda. Nemendur þurfa líka að fá betri og nákvæmari upplýsingar um námsmat skólans, hvernig þeir verða metnir og hver þeirra þáttur í mati.

Næstu skref: Sú reynsla sem skólinn og kennarar hans hafa fengið af námsmatsins hingað til er dýrmæt. Eitt af hlutverkum skólastjórnenda er að skapa kennurum tíma og rúm til þess að vinna að þróun í skólastarfi og hvetjandi umhverfi. Stjórnendur þurfa að vera lykilmálverk í skólaþróuninni leiðandi en án kennara og annars starfsfólks verður engin þróun námsmatsins mun halda áfram, hugmyndafræðin þarf að vera skýr og samskipti bæði kennurum og nemendum. Gefa þarf meiri tíma til umræðna og samráðs meðal kennara, einnig þarf að efla þátttöku nemenda í matinu. Til þess að hugmyndafræði leiðsagnarmatsins fyrir nýjum kennurum og rifja um starfandi kennara er ætlun skólans að halda dagsnámskeið um leiðsagnarmat skólabyrjun á komandi hausti 2011.

3.3 Skýrslur

3.3.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2010 - 2011 (sjá fylgiskjöl)

3.3.2 Fagstjórn

Skýrslur fagstjóra 2010 - 2011 (sjá fylgiskjöl)

4 - Samantekt og næstu skref

Vinna við sjálfsmat MB hefur gengið ágætlega en betur má ef duga skal. Á skólaárinu 2011 - 2012 verður sett upp ný áætlun og markmið. Stöðugt er verið að leita leiða að bæta og þróa skólastarfið. Næsta skref í þróun sjálfsmats Menntaskóla Borgarfjarðar er að aðlaga Gæðagreina að starfsemi skólans og setja fram heilstæða sjálfsmatsáætlun.

5 - Lokaorð

Öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar miðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun. Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2010 - 2011. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið.

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn komu 62 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 124. Á vorönn komu 72 einstaklingar í 122 viðtöl.

Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtölin skólaárið 2010-2011.

Stelpur	Strákar	Eigin ósk, stelpur
79	55	70

Eigin ósk, str.	Tilvísun/ábending, st.	Tilvísun/ábending, str.	Samt.nem	Samt. viðtöl
36	9	19	124	246

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið og námsframvinduna. Hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra. Nemendur starfsbrautar koma reglulega í viðtöl í almennt spjall um líðan þeirra og gengi í skólanum. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þeirra á að hefja nám í MB.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafans snúast nánast eingöngu um viðtöl við nemendur en fræðsluþáttur náms- og starfsráðgjafa í skólanum er ekki fyrirferðarmikill. Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og fengu þeir aðstoð við að gera námsáætlun og skipuleggja það sem eftir er af náminu. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefni. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar.

Að mati námsráðgjafa mættu nemendur vera ábyrgari þegar kemur að vali þeirra í náminu og að þeir sjái til þess að þeir séu skráðir í rétta áfanga samkvæmt brautarlýsingu og námsáætlun. Yfir heildina litið þá er það nokkuð áberandi að nemendur hugsa ekki mikið um þessa hluti og treysta á einhverja aðra í þeim efnum.

Nokkrir nemendur þurftu á nákvæmri áætlun og aðhaldi við þeirra nám að halda og felst sú vinna í því að fara yfir stöðuna með nemandanum, greina vandann, aðstoða nemandann við að setja sér raunhæf markmið sem ná ekki yfir langan tíma í senn og endurmeta þau síðan reglulega. Slík vinna með nemendum sem komnir eru í þrot með hlutina er mikilvæg svo þeir gefist ekki upp þar sem vandinn er stór en með því að brjóta hann niður í smærri einingar og vinna síðan með einn þátt í einu þá gefur það þeim tækifæri og yfirsýn yfir sviðið og styrkir þá í að takast á við vandann. Þeir nemendur sem fóru í slíka vinnu komu síðan reglulega í viðtöl til að fylgja þessari áætlun eftir og fer það að sjálfsögðu mikið eftir einstaklingnum hversu tilbúinn hann er að gera breytingar á sínum náms- og jafnvel lífsvenjum til að árangur náist. Sumir falla í sama farið aftur en koma þá í sumum tilfellum aftur og er byrjað upp á nýtt og er það jákvætt að nemendur séu tilbúnir til að halda áfram þó hlutirnir gangi ekki alltaf upp.

Óhætt er að gera ráð fyrir því að fleiri nemendur en þeir sem koma í ráðgjöf þyrftu að fara í slíka vinnu og gæti það verið samstarfsverkefni náms- og starfsráðgja og skólayfirvalda. Þeir nemendur sem kæmu inn á borð skólstjórnenda yrði gert skylt að fara í slíka vinnu með náms- og starfsráðgjafanum sem aðstoðaði þá við að bæta sig í námi, ástundun og einnig til bæta líðan þeirra sem í mörgum tilfellum er slæm þegar slík staða er komin upp hjá nemendum.

Í febrúar fór námsráðgjafi ásamt aðstoðarskólameistara í skólaheimsóknir í Grunnskólann í Borgarnesi, Varmalandsskóla, Kleppjárnsreykjaskóla og Laugagerðisskóla. Þar var skólinn kynntur og spjallað við nemendur í 10. bekkjum. Þessar heimsóknir eru mjög mikilvægar því nauðsynlegt er að kynna skólann okkar sem allra best þessum sömu nemendum var síðan boðið í heimsókn til okkar á vordögum og að mínu mati var sú heimsókn vel heppnuð og gott fyrir væntanlega nemendur að „máta“ sig við skólann og kynnast aðstæðum betur og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eru óruggir í nýjum aðstæðum.

Nokkuð stór nemendahópur tók áhugasviðspróf þar sem útskriftarhópurinn var þar í meirihluta. Var prófið lagt fyrir í tveimur hópum og var niðurstöðum prófanna skilað í einstaklingsviðtölum með þeim sem þess óskuðu.

Undanfarin vor hef ég aðstoðað aðstoðarskólameistara við að fara yfir námsferla nemenda en þetta vorið var það ekki hægt sökum tímaskorts þar sem margir óskuðu eftir viðtölum sem tóku mikinn tíma.

Borgarnesi 1. september 2011

Elín Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Skýrslur fagstjóra

Samfélagsgeinar:

Skýrsla fagstjóra samfélagsgreina skólaárið 2010-2011

Kennsla

Tveir kennarar sáu að mestu um kennslu í samfélagsgreinum. Kristján Arngrímsson kenndi sálfræði, uppeldisfræði, heimspæki, listir og siðfræði og Ívar Örn Reynisson kenndi sögu og félagsfræði. Bjarni Þór Traustason hélt utan um Mentor-verkefnið, félagsfræði 403 og kenndi lífsleikni ásamt Þóru Árnadóttur og þá kenndu Guðmundur Eyþórsson og Stefanía Nindel viðskiptagreinar og Óskar Birgisson upplýsingatækni.

Mannabreytingar í samfélagsgreinum

Fyrirséðar mannbreytingar fyrir næsta skólaár eru að Óskar Birgisson hefur látið af störfum og Guðrún Erla Ólafsdóttir tekur við upplýsingatækni. Einnig standa vonir til að hún kenni listaáfangann á vorönn með áherslu á margmiðlun og upplýsingatækni. Bjarni Þór mun að öllum líkindum ekki kenna á sviði samfélagsgreina á næsta skólaári vegna anna í raungreinum. Þá er fyrirséð að sama gildi um Þóru Árnadóttur.

Menntun og endurmenntun

Kristján Arngrímsson, sem hefur nú starfað við skólann í tvo vetur, öðlaðist á vordögum kennsluréttindi í samfélagsgreinum. Hann stundaði nám við HÍ í vetur. Ívar Örn Reynisson sat endurmenntunarnámskeiðið "Mannréttindakennsla" í ágúst 2010 og fór á ráðstefnuna Historiana, evrópskra sögukennara í janúar í Istanbul.

Guðmundur Eyþórsson stundaði starfendarannsóknir á vegum hagfræði- og viðskiptagreinakennara við Endurmenntun HÍ.

Kennsla og skólaárið

Ívar Örn Reynisson sinnti stöðu aðstoðarskólameistara ásamt kennslu sinni í afleysingum á vorönn en fer aftur til sinna starfa að hausti. Fyrirséð er að hann fari í fæðingarorlof um miðjan september og hefur Heiðar Lind Hansson verið ráðinn tímabundið í hans stað.

Ekki var um sérstaka nýbreytni að ræða á skólaárinu og flestar faggreinar með hefðbundnu sniði. Listaáfanginn var þó kenndur með nýjum hætti, lögð var áhersla á skapandi skrif með mismiklum undirtektum nemenda. Fyrirséð er að listaáfanginn verði með öðru sniði næsta vetur.

Námsmat í vetur hefur verið í nokkurri skoðun í faggreinunum. Ósamræmi þykir í þyngd áfanga og einkunnagjöf, sem og leiðsagnarmati og endurgjöf. Til stendur að ráða bót á þessum þáttum skólastarfsins hið fyrsta og er fyrirhugað námsmatsnámskeið fyrir kennara í ágúst.

Vinna við áfangalýsingar í samræmi við nýja Aðalnámskrá framhaldsskóla hélt áfram í vetur og var settur aukinn kraftur í vinnuna í aprílmánuði. Flestum áfangalýsingum hefur nú verið skilað inn til skólastjórnenda til skoðunar og útgáfu í haust.

Bókalistar greinanna voru að mestu hefðbundnir. Söguáfangar hafa frá upphafi verið kenndir bókarlausir, engar breytingar urðu á félagsfræði, heimspeigigreinunum og sál- og uppeldisfræði. Einnig var bók Vífils Karlssonar notuð í hagfræði en fyrirséð er að henni verði skipt út fyrir aðra bók næsta haust.

Næsta ár

Fyrir næsta ár er fyrirséð að helsta verkefni samfélagsgreinakennara verði að vinna að aukinni fagmennsku sinni og samræmingu námskrafna. Það er ljóst að skoða þarf alla áfanga, verkefni og námskröfur til að hver eining sé álíka erfið. Einnig þarf sem fyrr að taka tillit til mismunandi hæfileika nemenda og gefa þeim kost á að skila verkefnum sínum með fjölbreyttum hætti. Nokkur áhersla hefur verið lögð á hópavinnu nemenda en leggja þarf áherslu á beina kennslu í þeim efnum. Einnig þarf að hafa í huga að nemendur þurfi sjálfir að sýna fram á þekkingu, hæfni og leikni en geti ekki fengið far með öðrum nemendum í gegnum áfangana.

Borgarnes, 16. júní, 2011,
Ívar Örn Reynisson

Tungumál:

Skýrsla fagstjóra tungumála fyrir skólaárið 2010-2011.

Kennarar tungumála:

Íslenska: Ásdís Haraldsdóttir, Lilja S. Ólafsdóttir, Agnes Hansen (fornám) og Elín Kristjánsdóttir (haustönn).

Enska: Ingibjörg Ingadóttir og Maria Socorro Grönfeldt

Spænska: Ana Martha Helena Avalos (haustönn), Steingrímur Gunnarsson (vorönn), Ida Semey (í leyfi).

Danska: Agnes Hansen.

Nýjungar í kennsluháttum:

Í íslenskunni var innleidd stöðvarvinna. Í goðafræði gerðu nemendur stuttmyndir úr Helga kviðu Hundingsbana II.

Spænska: Kennsluáferðir blandaðar, hefðbundnar í kennslustofu, mikil áhersla á verkefnavinnu og tjáningu. Tölvutæknin nýtt eftir þörfum, einkum í kynningum verkefna. Verkefnatímar fóru stundum fram á Skype á vorönn, þá maður á mann, sem er nokkuð tímafrekt. - Tölvurnar eru gott hjálpartæki en nauðsynlegt er að nota aðrar kennsluáferðir líka, einkum í tungumálanáminu.

Enska: ENS404 var eins og áður áfangi þar sem saga og enska fléttast saman. Tveir nemendur, þeir Bárður Jökull Bjarkarson og Stefnir tóku þátt í ræðukeppni á vegum "The english speaking union of Iceland". Báðir stóðu sig með glæsibrag og fengu viðurkenningar.

DAN204: Þar var tekin upp sú nýbreytni að í stað þess að láta alla nemendur lesa eina skáldsögu gátu nemendur sjálfir valið lesefni og máttu þau horfa á kvikmyndir sem að hluta komu þá í stað frjáls lesturs. Nemendur héldu dagbækur í Google og gat kennari þannig fylgst með framvindunni. Í lok annar var svo rætt við nemendur um það efni sem þau lásu/horfðu á í munnlegu prófi. Þessi tilraun gafst vel og verðu haldið áfram. Þá var einnig lögð aukin áhersla á sjálfsmat nemenda, þeir máttu eigin frammistöðu og einnig gæði þeirra verkefna sem unnin voru. Stuðst var við Evrópsku tungumálamöppuna að hluta til.

Erlend samskipti:

Comeniusarverkefni - gestir komu 8. -14. maí 2011. Þessa ráðstefnu sóttu nemendur og kennarar fjögurra landa auk kennara og 10 nemenda í MB. Þetta er þverfaglegt verkefni um innflytjendur. Þau Ívar Örn Reynisson, Stefanía Nidel, Ida Semey (á haustönn) og Ingibjörg Ingadóttir (á vorönn) tóku þátt af hálfu MB. Sjá nánar í skýrslu félagsgreina. Þessi heimsókn tengdist ENS404 þar sem unnið er með samþættingu námsgreina, félagsfræði, sögu og ensku.

Nordplus veitti styrk til gagnkvæmra undirbúningsheimsókna kennara vegna nemendaheimsókna. Í janúar fengum við heimsókn tveggja kennara frá Tønder handelsskole en Agnes og Ásdís Haraldsdóttir fóru utan í lok febrúar. Til stóð að fara með hóp nemenda MB til Danmerkur í september og hópur frá Tønder hafði í hyggju að heimsækja okkur í maí 2012. Mikill áhugi var á ferðinni hjá nemendum MB og það voru því mikil vonbrigði að styrkurinn fékkst ekki að þessu sinni. Væntanlega verður sótt um sambærilegan styrk síðar.

Endurmenntun:

Ingibjörg Ingadóttir tók þátt í námskeiði fyrir enskukennara í Halifax 8.-16 júní 2010, og einnig í alþjóðlegu tungumálanámskeiði STÍL sem haldið var í Viðey 18. og 19. júní. Hún gerði einnig ásamt Óskari Birgissyni könnun á notkun tölvunnar í námi. “Hvernig upplifa nemendur eigin notkun á tækninni”.

Í ágúst 2010 tóku Lilja Ólafsdóttir og Ásdís Haraldsdóttir þátt í námsstefnu sem Samtök móðurmálskennara héldu á Hótel Glym um nýjungar í íslenskukennslu.

Agnes Hansen og Ingibjörg Ingadóttir tóku þátt í námskeiðinu Starfendarannsóknir fyrir starfandi framhaldsskólakennara skólaárið 2010-2011, Agnes sótti að auki 2 önnur námskeið á meistarastigi við Menntavísindasvið HÍ, námskeiðið “Læsi og tungumálanám” og “Námsmat og nýjungar í kennsluháttum”. Agnes er einnig þátttakandi á sumarnámskeiðinu “Margmiðlun og efnisgerð”.

Agnes Hansen, fagstjóri.

Raungreinar:

Skýrsla fagstjóra raungreina skólaárið 2010 – 2011

Kennsla

Bjarni Þór Traustson: stærðfræði og eðlisfræði

Póra Árnadóttir: náttúrufræði og efnafræði (á haustönn)

Halldór Friðgeirsson: stærðfræði

Finnbogi Rögnvaldsson: efnafræði (á vorönn)

Mannabreytingar í náttúrufræðigreinum

Hilmar Már Arason kemur í stað Halldórs Friðgeirssonar næsta skólaár. Óvíst er með kennslu Finnboga Rögnvaldssonar í efnafræði 204.

Menntun og endurmenntun

Póra sótti eftirfarandi endurmenntunarnámskeið:

Námskeið um fugla í nágrenni okkar, 18. - 20. júní 2010

Námskeið um lífeðlisfræði mannsins, 14. - 16. júní 2011

Bjarni sótti haust- og vorfundi forvarnarfulltrúa.

Kennsla og skólaárið

EFN 304 var kennd í fyrsta skiptið við skólann á haustönn en það er valáfangi í lífrænni efnafræði.

Helstu breytingar á bókalista greinanna var sú að ný bók var tekin upp í STÆ 204, í stað stæ 3000 var tekin inn stæ 4000. Sama námsefni er nú kennt í STÆ 214 og 204 sem þýðir að allir nemendur taka STÆ 204 hvort sem þau eru á félagsfræða- eða náttúrufræðibraut.

Námsmat er í stöðugri endurskoðun svo og kennsluaðferðir.

Raungreinakennarar unnu ásamt öðrum kennurum skólans að breytingum áfangalýsinga sinna samkvæmt nýju Aðalnámskrá framhaldsskóla. Sú vinna er komin vel á veg. Allar áfangalýsingar fyrir áfanga á haustönn 2011 eru tilbúnar og þá tekur við vinna við áfanga vorannar.

Nemendur í náttúrufræði fengu Hreggvið Hreggviðsson í heimsókn einn dag en hann er stýrimaður á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni. Hann kom með ýmsar tegundir lífvera úr hafdjúpinu og kynnti fyrir nemendum.

Tveir nemendur tóku þátt í Vísindadögum á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri á vordögum.

Náttúrufræðistofan

Fjármunir sem veittir voru til bókakaupa voru vel nýttir og keyptar inn nokkrar bækur sem ítarefni í náttúrufræði og eðlisfræði svo og handbækur fyrir plöntur, fugla, sveppi og jarðfræði.

Annar búnaður sem keyptur var inn:

3 sjónaukar og 1 fuglaskóp + þrífótur.

Töluvert af efnum og áhöldum til efnafræðitilrauna.

Skólinn fékk að gjöf stjörnusjónauka frá Stjarnvísindafélagi Íslands, Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness og Stjörnufræðivefnum. Sjónaukinn hefur nú verið settur saman og nú er bara að vona að valáfangi í stjörnufræði líti dagsins ljós í MB.

Ýmis tæki og tól til efnafræðikennslu lágu ónotuð í kassa í Grunnskóla Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjum. Þessu hefur nú verið komið í MB og nýtist okkur vel.

Næsta ár

Samvinna MB og CIS í Kalmar Svíþjóð er í biðstöðu. Til stóð að skólarnir sinntu samtarfsverkefni annað hvert ár en verkefni næsta árs hefur ekki verið ákveðið eða sótt um styrki enn sem komið er.

Ný útgáfa af kennslubókinni í náttúrufræði verður tekin til notkunar á næsta ári (13. útgáfa af Inquiry into Life).

Lögð verður áhersla á umhverfismál og Grænfánaverkefnið. Markmiðið er að ná að flagga Grænfána næsta vor.

Þóra Árnadóttir, fagstjóri náttúrufræðigreina

Menntaskóla Borgarfjarðar